



Borgarráð

Umsögn skrifstofu eigna og atvinnuþróunar vegna fyrirspurnar borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokks um kostnað við rekstur ferju og bátastrætós á Faxaflóa

Á fundi borgarrás 9. febrúar sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokks um kostnað við ferjurekstur á Faxaflóa og bátastrætós:

„Óskað er eftir því að teknar verði saman ýtarlegar upplýsingar um hugsanlegan kostnað Reykjavíkurborgar vegna hugmynda um að fjármagna ferjurekstur á Faxaflóa og rekstur svokallaðs bátastrætós í borginni.“

Flóasiglingar

Rekstaraðili mun hefja siglingar milli Reykjavíkur og Akraness eigi síðar en 1. júní 2017 og sigla óslitið í sex mánuði til 1. desember 2017 í samræmi við þjónustulýsingu rekstaraðila og gr. 1.2.1 í útboðs- og verklýsingu. Reykjavíkurborg mun greiða rekstaraðila fyrir framangreint verk samkvæmt tilboði hans á mánaðargrundvelli kr. 2.450.000,- með virðisaukaskatti samtals 14.700.000 kr. á samningstímanum. Akraneskaupstaður mun greiða rekstaraðila fyrir framangreint verk samkvæmt tilboði hans á mánaðargrundvelli kr. 2.450.000,- með virðisaukaskatti samtals 14.700.000 kr. á samningstímanum.

Bátastrætó.

Fyrirspurn var gerð til Umhverfis- og skipulagssviðs, sem var falið af borgaráði að greina hugmyndir að því að tengja Gufunes og hugsanlega Bryggjuhverfi og Vogabyggð við miðborgina, sbr. nýlegar niðurstöður hugmyndasamkeppni um skipulag Gufunes og rammaskipulag um Elliðavog og Höfða. Í matinu verði samgöngutengingar á sjó bornar saman við aðrar umferðar- og samgöngulausnir vegna nýrrar uppbyggingar í Gufunesi og eftir atvikum víðar við Sundin. Í svari Umhverfis- og skipulagssviðs kemur fram að ekkert hefur verið aðhafst og engar tillögur verið settar fram og er því ekki hægt greina mögulegan kostnað.

Hrólfur Jónsson